



Efnahags- og viðskiptanefnd
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 11.11.2020
Tilvísun: 202011-0034

Efni: Umsögn Alþýðusambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Neytendastofu nr. 62/2005 og fleiri lögum (endurskoðun stjórnarsýslu neytendamála). Mál nr. 344.

Samkvæmt frumvarpsdrögum er markmið endurskoðunar á stjórnarsýslu neytendamála hjá Neytendastofu að fækka ríkisstofnunum og auka skilvirkni og hagkvæmni eftirlits í þágu atvinnulífs og neytenda. Í drögum segir að Neytendastofa sé lítil stofnun, að fjöldi ríkisstofnana sé hér á landi og að fækkun stofnana ætti að öllu jöfnu að einfalda stjórnarsýslu og auka skilvirkni. Í frumvarpsdrögum segir einnig að stefnt sé að því að færa verkefni Neytendastofu nær kjarnastarfsemi í öðrum stofnunum og þangað þar sem faglegur skyldleiki og samlegð sé meiri. Þá segir að í stað einnar miðlægrar ríkisstofnunar sem fari með verkefni er varði hagsmuni neytenda með einum eða öðrum hætti sé stefnt að því að færa verkefni til annarra viðeigandi stofnana.

Rétt er að neytendamál eru dreifð víða um stjórnkerfið rétt eins og komið er inn á í frumvarpsdrögum. Það þarf þó ekki að vera að það sé til hagsbóta að verkefnum sem snúa að neytendavernd sé dreift enn frekar um stjórnkerfið. Ekki er víst að í öllum tilfellum sé nægilega mikil samlegð með þeim verkefnum sem Neytendastofa sér um núna og þeim verkefnum sem þær stofnanir sem færa á verkefni til sinna. Það getur haft í för með sér að áhersla á verkefni minnki og að eftirlit veikist. Dreifð stjórnarsýsla um neytendamál getur dregið úr skilvirkni þar sem yfirsýn neytenda/almennings yfir málaflokkinn verður minni. Dreifð stjórnarsýsla neytendamála getur haft þau áhrif að möguleikar almennings á því að leita réttar síns verður minni þar sem óljósara verður hvert neytendur eiga að snúa sér til að fá lausn sinna mála og að sérþekking á málaflokknum minnki. Þá má leiða líkur að því að yfirsýn stjórnvalda yfir málaflokkinn verði minni þannig að flóknara og erfiðara verði fyrir stjórnvöld að beita sér í málaflokknum sem er þó mikil þörf á að sé gert í meiri mæli.

Alþýðusambandið telur að í frumvarpsdrögum séu ekki færð nægilega sterk rök fyrir því að það sé neytendum í hag að verkefnum sem snúa að neytendamálum sé dreift enn frekar um stjórnarsýsluna. Hins vegar geti styrkur verið fölginn í því að ein miðlæg stofnun fari með verkefni sem varða hagsmuni neytenda með einum eða öðrum hætti og að samlegð með þeim verkefnum sem stofnunin sinnir í dag sé einmitt fölginn í markmiði hennar um að tryggja hagsmuni neytenda.

Í skýrslu starfshóps um neytendamál frá desember 2012 sem gefin var út af innanríkisráðuneytinu var fjallað um stjórnarsýslu neytendamála hér á landi og ýmsar tillögur settar fram varðandi starfsemi og skipulag neytendamála. Meðal þess sem kom fram í skýrslunni var að styrkja þyrfti hin ýmsu svið Neytendastofu, m.a. þau svið sem snúa að mælifráði- og öryggismálum (sem nú stendur til að færa yfir til



annarra stofnanna). Í skýrslunni segir að svo virðist vera að þessi tvö svið eigi erfitt með að sinna þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra og að það ráðist aðallega af skorti á fjármagni og þeirri staðreynd að Ísland sé of lítið til að reka slíkt eftirlit á hagkvæman hátt. Í skýrslunni segir að starfshópurinn meti það svo að þörf sé á breytingum á þann veg að eftirlit með þessum málaflokkum verði sterkara.

Starfshópurinn lagði til að engar breytingar yrðu gerðar á sviðinu en beindi því til innanríkisráðuneytisins að skoðað yrði hvernig treysta mætti enn frekar starfsemi þessara sviða. Í skýrslunni er einnig fjallað um neytendaréttarsvið Neytendastofu, sem óljóst er hvað verður um miðað við frumvarpsdrögin. Í skýrslunni kemur fram að starfshópurinn telji að þörf sé á að Neytendastofu sé gert betur kleift að sinna lögbundnum skyldum sínum og þá sérstaklega þeim skyldum sem lúta að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Þá leggur starfshópurinn til að Neytendastofa fái aukið fjármagn sérstaklega til að sinna neytendaréttarsviði og rannsóknum á sviði neytendamála.

Alþýðusambandið tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í þessari skýrslu og telur þau eiga jafnvel við í dag og á þeim tíma sem skýrslan var gefin út. Neytendastofa er lítil stofnun og með litlar fjárheimildir og fátt starfsfólk sem gerir það að verkum að hún á í dag erfitt með að sinna lögbundnum skyldum sínum og á það við um verkefni á öllum sviðum stofnunarinnar. Alþýðusambandið geldur varhug við markmið frumvarpsins um hagræðingu og sparnað og telur þau markmið ekki til þess fallin að efla starfsemi neytendamála hér á landi, sem þó er þörf á. Alþýðusambandið telur að þörf sé á að efla neytendamál með þeim hætti að þeim verkefnum sem eru í dag á ábyrgð Neytendastofu sé betur sinnt en er gert í dag en sér ekki að því markmiði verði náð með sparnaði og frekari dreifingu verkefna neytendamála um stjórnarsýsluna. Alþýðusambandið telur ekki ljóst að yfirstandandi breytingarnar séu til hagsbóta fyrir neytendur eða að þær komi til með að styrkja og efla neytendavernd.

Neytendamál eru mikilvægur málaflokkur sem varðar hagsmuni launafólks í landinu og býður endurskipulagning á málaflokknum upp á tækifæri til að efla neytendavernd. Alþýðusambandið gerir ekki athugasemdir við að skipulag neytendamála hér á landi sé endurskoðað og því sé breytt ef markmiðið með breytingunum er að efla neytendamál í víðu samhengi og að styrkja þau verkefni og það eftirlit sem Neytendastofa sinnir í dag. Alþýðusambandið telur þó að endurskoðun á skipulagi neytendamála þarfnist frekari skoðunar og yfirlegu og að fara ætti í slíka endurskoðun í samráði við og með samtali við þá aðila sem fara með hagsmunamál neytenda hér á landi.

Virðingarfyllst,

f.h. Alþýðusambands Íslands,

Auður Alfa Ólafsdóttir



Alþýðusamband Íslands